

Kynning fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkur



Hvað er hvað? Umsækjandi um alþjóðlega vernd - Hælisleitandi - Flóttamaður



- Umsækjandi um alþjóðlega vernd/hælisleitandi?
 - Útlendingur sem óskar eftir viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður eða ríkisfangslaus einstaklingur hér á landi.
 - Kemur til landsins á eigin vegum, sækir um vernd hjá lögreglu.
 - Fer í gegnum umsóknarferli hjá stjórnvöldum (Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála).
 - Nýtur þjónustu hjá Útlendingastofnun eða sveitarfélagi.
- Flóttamaður
 - Útlendingur sem er utan heimalands síns eða ríkisfangslaus einstaklingur sem er utan þess lands þar sem hann hafði reglulegt aðsetur vegna þess að hann hefur ástæðuríkan ótta um að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmálaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands.
- Kvótaflóttamaður
 - Kvótaflóttamenn eru flóttamenn sem stjórnvöld ákveða að taka á móti í samstarfi við Flóttamannastofnun Sp. Þetta eru þeir flóttamenn sem Flóttamannastofnun SP hefur óskað eftir að þjóðir heims taki á móti vegna stríðsástands eða ofsókna í heimalandi þeirra. Fulltrúar stjórnvalda hitta fólkið í flóttamannabúðum áður en það kemur til landsins.

Málsmeðferð - Forgangsmál

- **Forgangsmál**

- Áhersla á hraða málsmeðferð.
- Jákvæður og neikvæður forgangur.
- Neikvæður forgangur: Umsækjandi er með ríkisfang í ríki sem er á lista Útlendingastofnunar yfir svokölluð örugg upprunaríki.
 - Ríki á borð við Albaníu, Makedóníu, Úkraínu (að hluta), Bandaríkin, Japan, ESB ríki og fleiri.
 - Hröð afgreiðsla sem lýkur í langflestum tilvikum með synjun, brottvísun og endurkomubanni.
- Jákvæður forgangur: Umsækjandi er í efnismeðferð og með ríkisfang í ríki sem Útlendingastofnun sendir ekki til.
 - Ríki á borð við Venesúela, Afganistan, Palestína og Sírland.
 - Hröð afgreiðsla sem lýkur með verndarveitingu.

Málsmeðferð - Dyflinnarmál

- Stjórnvöld hafa heimild til að krefja önnur ríki sem eru aðilar að Dyflinnarreglugerðinni um að taka við einstaklingi sem óskar eftir alþjóðlegri vernd hér á landi og ljúka málsmeðferð viðkomandi þar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
- Meginreglan er að þessi mál eru **ekki tekin til efnismeðferðar** – aðstæður viðkomandi í heimaríki eru ekki skoðaðar heldur einungis hvort **sérstakar ástæður** eða **sérstök tengsl** séu fyrir hendi sem gera það að verkum að ekki er talið forsvaranlegt að senda viðkomandi til viðtökuríkis.
- Sérstakar ástæður: Aðstæður í viðtökuríki, heilsufar umsækjanda.
- Sérstök tengsl: Nánir ættingjar búsettir hér.

Dyflinnarmál - Dæmi

- Afganskar mæðgur sem fengið hafa synjun á umsókn sinni um vernd í Noregi eftir 2 ára málsmeðferð. Endursending til Afganistan yfirvofandi í Noregi.
- Íranskur karlmaður sem verið hefur við háskólanám í Þýskalandi í 3 ár. Hefur ekki sótt um alþjóðlega vernd í Þýskalandi.
- Karlmaður frá Vestur Sahara sem fengið hefur útgefna vegabréfsáritun til Frakklands. Dvaldi í Frakklandi í 1 sólarhring, hefur ekki sótt um alþjóðlega vernd í Frakklandi. Fórnar lamb pyndinga.
- Sómalskur 17 ára fylgdarlaus drengur sem haft hefur leyfi til að dvelja í Svíþjóð þar til hann verður 18 ára. Á yfir höfði sér endursendingu til Sómalíu eftir 18 ára afmælisdaginn.

Málsmeðferð - Verndarmeðferð

- Stjórnvöldum er heimilt að synja þeim um efnismeðferð sem hlotið hafa alþjóðlega vernd í öðru ríki.
- Hér koma sérstakar ástæður einnig til skoðunar.
 - Aðstæður flóttamanna í viðtökuríki.
 - Heilsufar umsækjanda.
 - Sérstök tengsl við landið (nánir ættingjar búsettir hér á landi, fyrri búseta hér)
- Umsækjendur aðallega með vernd í eftirfarandi ríkjum:
 - Ítalía
 - Grikkland
 - Ungverjaland

Verndarmeðferð - Dæmi

- Fimm manna fjölskylda frá Sýrlandi með alþjóðlega vernd í Grikklandi. Hafa búið við kröpp kjör í flóttamannabúðum, ekki fengið viðunandi heilbrigðisþjónustu.
- Fjölskylda frá Írak, móðir og tvö fullorðin börn, barnung sonardóttir, öll með alþjóðlega vernd í Ungverjalandi. Upplifðu fordóma og mismunun af hálfu almennings, fjölmiðla og stjórnvalda.
- Fjögurra manna fjölskylda frá Nígeríu með alþjóðlega vernd á Ítalíu. Annað eða báðir foreldrar fórnarlömb mansals.

Efnismeðferð

- Aðstæður umsækjanda í heimaríki eru skoðaðar og metið hvort viðkomandi falli undir skilgreiningu Flóttamannasamningsins og laga um útlendinga.
 - Útlendingur sem er utan heimalands síns eða ríkisfangslaus einstaklingur sem er utan þess lands þar sem hann hafði reglulegt aðsetur vegna þess að hann hefur ástæðuríkan ótta um að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmalaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands.

Efnismeðferð - dæmi

- Trúlaus kona frá Íran.
- Samkynhneigður karlmaður frá Úganda.
- Einstæð móðir frá Nígeríu, fórnarlamb mansals.
- Fylgdarlaus drengur frá Albaníu.
- Fjölskylda frá Írak.

Tímafrestir útlendingalaga

- Mismunandi eftir málsmeðferð
 - 10 mánuðir fyrir börn sem eru með vernd í öðru ríki
 - 12 mánuðir fyrir alla sem falla undir Dyflinnarreglugerðina
 - Lok frests miðar við flutning úr landi. Þegar frestur líður fær fólk efnismeðferð (ekki ávísun á vernd).
 - 16 mánuðir fyrir börn og foreldra þeirra sem sæta efnismeðferð
 - 18 mánuðir fyrir fullorðna barnlausa einstaklinga sem sæta efnismeðferð
 - Lok frests miðar við birtingu á ákvörðun Útlendingastofnunar eða úrskurði kærunefndar útlendingamála.
 - Þegar frestur líður fær fólk dvalarleyfi af mannúðarástæðum að ákv. skilyrðum uppfylltum.
- Dæmi um að fólk „festist“
 - Fólk sem sætt hefur efnismeðferð og fengið ákvörðun í máli sínu innan frests en ekki er hægt að flytja til heimaríkis.
 - Ört stækkandi hópur sem lifir á jaðri samfélagsins.


Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd




- Er í höndum Útlendingastofnunar, Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar.
- Reykjavíkurborg sinnir þessari þjónustu almennt vel. Mjög góður rammi og utanumhald um fólk.
- Teymi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða á hrós skilið.
- Æskilegt væri ef sveitarfélögin tækju alla umsækjendur um alþjóðlega vernd í sína þjónustu og að þjónusta við hópinn færðist frá Útlendingastofnun.
- Reykjavíkurborg og Útlendingastofnun með stóran samning sem er ekki fullnýttur eins og er.




Rauði krossinn





Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd á Íslandi 2014-2020



Heimild: Útlendingastofnun



Starf RKÍ með hælisleitendum og flóttfólki

Talsmannabjónusta

15 lögfræðingar
1 laganemi

3 teymi:

- efnismeðferð
- forgangsmeðferð
- Dublin/status

Lögfræðiaðstoð og ráðgjöf á báðum
stjórnáslustigum

Alþjóðlegt samstarf

Samskipti við ýmsar stofnanir, ráðuneyti
og Alþingi

Félagslegt hjálparstarf

5 verkefnisstjórar

Opnir viðtalstímar

Fataaðstoð

Upplýsingagjöf

Húsnæðisúttektir

Pop-up tímar

Leitarþjónusta

Fjölskyldusameiningar

Alþjóðlegt samstarf

Félagsstarf

4 verkefnisstjórar

60-70 sjálfbóðaliðar

Opin hús

Íþróttir

Kvennamorgnar

Stuðningur við sérstaklega
viðkvæma

Barnaviðburðir

Íslensku- og enskukennsla

Flóttamenn

Kvótaflóttafólk

Vernd eftir hælismeðferð

Leiðsöguvinir/
Tungumálavinir


Opið hús

Aðstoð vegna fjölskyldusameininga

Byggt á sjálfbóðaliðum



Hælisferlið





Þrenns konar vernd í boði

Hæli
- flóttamaður

1. mgr. 37. gr. útl.

Ofsóknir vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmalaskoðana.

Dvalarleyfi í 4 ár

Viðbótarvernd
- flóttamaður

2. mgr. 37. gr. útl.

Hætta vegna dauðarefsingar, pyndinga eða ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar.
Alvarlegur skaði vegna vopnaðra átaka (stríð).

Dvalarleyfi í 4 ár

Mannúðarleyfi
- ekki flóttamaður


74. gr. útl.

Mannúðarsjónarmið.
Erfiðar félagslegar aðstæður.
Heilbrigðissjónarmið.

Dvalarleyfi í 1 ár



Rauði krossinn





Rauði krossinn